

Nd.

1090. Frumvarp til laga

[448. mál]

um málefni Arnarflugs hf.

(Lagt fyrir Alþingi á 108. löggjafarþingi 1985–86.)

1. gr.

Fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs er heimilt að veita Arnarflugi hf. sjálfskuldarábyrgð fyrir láni, sem tekið verður til að bæta greiðslustöðu fyrirtækisins. Lánið má nema allt að 2,5 milljónum bandaríkjadala eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í íslenskum krónum. Jafnframt er heimilt að ríkissjóður taki þátt í greiðslu vaxta af láninu.

2. gr.

Skilyrði fyrir veitingu ríkisábyrgðar skv. 1. gr. eru þessi:

1. Fyrir liggja skilyrðislaus loforð um nýtt hlutafé í fyrirtækinu að fjárhæð a.m.k. 95 milljónir króna, verðtryggt miðað við lánskjaravísitölu í apríl 1986.
2. Réttindi skv. kaupleigusamningi, sem Arnarflug hf. hefur gert um flugvélinu TF-VLT (Boeing 737-205 C), skulu vera til tryggingar áhættu ríkissjóðs vegna ríkisábyrgðarinnar. Fjármálaráðherra ákveður nánar framkvæmd þessa ákvæðis og setur þá skilmála sem nauðsynlegir þykja til að draga úr áhættu ríkissjóðs.
3. Öll opinber gjöld við ríkissjóð, sem í vanskilum eru, verði greidd upp, ásamt með viðurlögum, af andvirði þess láns, sem tekið verður með ríkisábyrgð.
4. Enn fremur að uppfyllt verði önnur þau skilyrði, sem nauðsynleg þykja að mati fjármálaráðherra.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Arnarflug hf. hefur farið fram á ábyrgð ríkissjóðs vegna lántöku að fjárhæð allt að 2,5 milljónum bandaríkjadala til að styrkja greiðslustöðu fyrirtækisins. Beiðni þessi er fram komin sem eitt margra atriða sem til umfjöllunar eru vegna endurskipulagningar á rekstri félagsins sem hefur verið afar erfiður undanfarna mánuði. Þannig liggur nú fyrir, að verulegur halli hefur orðið á rekstri Arnarflugs hf. á síðastliðnu ári. Önnur atriði til lausnar vanda félagsins, sem nú er til athugunar eru aukning hlutafjár, sala eigna og samningsgerð við kröfuhafa.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Með greininni er lagt til að veitt verði heimild til ríkisábyrgðar að fjárhæð allt að 2,5 milljónir bandaríkjadala. Jafnframt er lagt til að ríkissjóður axli hluta af greiðslu vaxta af láninu. Gengið er út frá því, að endanleg ákvörðun um þátttöku ríkissjóðs í vaxtakostnaði muni ráðast af rekstrarafkomu fyrirtækisins þegar til greiðslu af láninu kemur.

Um 2. gr.

Með 2. grein frumvarpsins er lagt til að nokkur skilyrði verði sett fyrir veitingu ríkisábyrgðar. Ástæða þess er fyrst og fremst sú, að fjárhagur fyrirtækisins er afar slæmur eftir því sem ráða má af bráðabirgðauppgjöri fyrir árið 1985 sem nú liggur fyrir. Staða fyrirtækisins er sú, að það hefur ekki svigrúm til að veita Ríkisábyrgðasjóði tryggingar vegna ríkisábyrgðarinnar í flugvélakosti sínum eða fasteignum. Því er lagt til að til tryggingar verði réttur Arnarflugs hf. skv. kaupleigusamningi um Boeing 737-205 C flugvél, sem fyrirtækið hefur á leigu. Er fjármálaráðherra ætlað að ákveða í einstökum atriðum með hvaða hætti þessi trygging verði sett. Í því sambandi kann m.a. að þykja nauðsynlegt að leitað verði samþykkis eiganda flugvélarinnar fyrir því að Ríkisábyrgðasjóður geti gengið inn í réttindi og skyldur samkvæmt kaupleigusamningi um flugvélinna hvenær sem er á leigutímanum, telji hann þess þörf.

Ljóst er, að nauðsynlegt er að nýju hlutafé verði veitt inn í fyrirtækið. Forráðamenn félagsins hafa í viðræðum við stjórnvöld lýst því að tilteknir aðilar séu reiðubúnir að leggja fram nýtt hlutafé að fjárhæð 95 milljónir króna. Þar sem ljóst er að hlutafjárloforð verða ekki greidd strax að fullu þykir nauðsynlegt að setja það skilyrði, að sá hluti hlutafjárloforðanna sem ekki greiðist þegar í stað verði verðtryggtur.

Með því að ríkissjóður mun væntanlega taka að sér skuldbindingar í þágu fyrirtækisins þykir eðlilegt að gerð séu full skil á opinberum gjöldum sem í vanskilum eru við ríkissjóð.

Svo kann að fara, að við afgreiðslu ríkisábyrgðar geti komið upp sú staða, að nauðsynlegt sé að setja frekari skilyrði fyrir veitingu ábyrgðar en þau, sem felast í tölulíðum 1–3 í greininni eða felast í lögum og reglugerðum um ríkisábyrgðir og Ríkisábyrgðasjóð. Því er talið rétt að setja í lögina ákvæði 4. tölulíðar 2. gr.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.